

Ed.

616. Nefndarálit

[133. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreytts.

Í frv. felast þessi ákvæði:

1. Varið verði úr ríkissjóði 6 millj. kr. samtals á næstu 6 árum til vélakaupa samkvæmt lögnum.
2. Þau ræktunarsambönd og félög, sem hafa enn ekki fengið neitt fé úr véla-sjóði til vélakaupa, skulu sitja fyrir, og enn fremur þau sambönd og félög, sem urðu fyrir því óhappi að kaupa vélar, er reyndust óhentugar og lítt not-hæfar fyrir íslenska staðhætti.
3. Sett eru nánari — og að ýmsu leyti strangari — fyrirmæli um rekstur vél-anna til þess að tryggja betur afkomu þeirra.

Samkvæmt upplýsingum frá vélanefnd voru um síðustu áramót alls 121 beltis-dráttarvél í eigu ræktunarsambandanna. Vélar þessar eru af 3 tegundum: Inter-national, Caterpillar og Cletrac. Síðastnefnda tegundin hefur reynt óhentug fyrir íslenska staðhætti, en það eru 12 ræktunarsambönd, sem keyptu hana.

Engin ræktunarsambönd eru í 19 hreppum landsins auk nokkurra kaupstaða, en undirbúningur er hafinn á sumum þessara staða um vélakaup.

Vélanefnd telur, að á næstu árum þurfi að leggja fram fé til kaupa á 35 beltis-dráttarvélum með tilheyrandi verkfærum og áhöldum, svo að jafna megi þann mismun, sem orðinn er milli hinna einstöku ræktunarsambanda, svo og til þess að lyfta undir þau héruð, sem dregið hafa aftur úr. Er því brýn þörf á, að fram-hald verði enn um skeið á framlagi úr ríkissjóði til styrktar vélakaupum.

Landbn. leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 20. apríl 1955.

Páll Zóphóniasson,
form.

Sigurður Ó. Ólafsson,
fundaskr.

Jón Kjartansson,
frsm.

Andrés Eyjólfsson.

F. R. Valdimarsson.